

Alþingi
Erindi nr. P 127/1801
komudagur 10.4.2002

Frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum 605 mál

Sendi meðf. nokkrar athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins i nafni félagsins.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í ljósi þess að gerð er tillaga um að 66gr laga nr 46/1980 verði felld niður þarf að skerpa betur á að heilsuvernd starfsmanna verði starfrækt eins og 3gr frumvarpsins og meðfylgjandi greinargerð gera ráð fyrir

3gr.

1mgr hljóði því svo:?

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé skriflegt mat um áhættu í störfum. Þegar áhættu matið liggur fyrir skal atvinnurekandi gera skriflega áætlun um forvarnir og gera ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað. Hafa skal samráð við fulltrúa starfsmanna, sbr. II. kafla laga þessara.

Siðast mgr hljóði því svo:? Félagsmálaráðherra setur reglur, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um áhættumat, gerð og frágang skjala sem tengjast því, framkvæmd starfsmanna heilsuverndar, skilyrði sem þjónustuaðili skv. 3. mgr. skal uppfylla til að hljóta viðurkenningu Vinnu eftirlits ríkisins, forvarnir og framkvæmd þeirra með hliðsjón af eðli og stærð fyrirtækja og um úrlausn ágreiningsefna

Með kveðju
Ásdís J. Rafnar
Læknafélagi Íslands